

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 1629/98**frá 20. júlí 1998****um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2332/92 um freyðivín sem er framleitt í bandalaginu og reglugerð (EBE) nr. 4252/88 um gerð og markaðssetningu vínlíkjöra sem eru framleiddir innan bandalagsins(*)**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

1. gr.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í 11. og 16. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2332/92 ⁽⁴⁾ og 2. mgr. 6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4252/88 ⁽⁵⁾ er mælt fyrir um hámarksinnihald brennisteinsdíoxíðs í freyðivínum og vínlíkjörum. Í þessum greinum er kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli afhenda ráðinu skýrslu um þetta innihald, fyrir 1. apríl 1996, ásamt tillögum ef við á. Þessar tillögur skulu vera í samræmi við aðrar tillögur sem framkvæmdastjórninni ber að leggja fram. Af þeim sökum ætti að fresta framangreindum eindaga. Hið sama gildir um þá eindaga sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4252/88.

Reglugerð (EBE) nr. 2332/92 er hér með breytt sem hér segir:

1. Í stað „1. apríl 1998“ og „1. september 1998“ í 3. mgr. 11. gr. komi „1. apríl 1999“ og „1. september 1999“ eftir því sem við á.
2. Í stað „1. apríl 1998“ og „1. september 1998“ í 3. mgr. 16. gr. komi „1. apríl 1999“ og „1. september 1999“ eftir því sem við á.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á reglugerð (EBE) nr. 4252/88 :

1. Í stað „1. apríl 1998“ og „1. september 1998“ í 2. mgr. 4. gr. komi „1. apríl 1999“ og „1. september 1999“ eftir því sem við á.
2. Í stað „1. apríl 1998“ og „1. september 1998“ í 2. mgr. 6. gr. komi „1. apríl 1999“ og „1. september 1999“ eftir því sem við á.

3. gr.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. júlí 1998.

Fyrir hönd ráðsins,

W. MOLTERER

forseti.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 210, 28.7.1998, bls. 11, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 73/1999 frá 28. maí 1999 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(1) Stjtið. EB C 87, 23. 3. 1998, bls. 15.

(2) Stjtið. EB C 210, 6. 7. 1998.

(3) Stjtið. EB C 214, 10. 7. 1998.

(4) Stjtið. EB L 231, 13. 8. 1992, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1594/96 (OJ L 206, 16. 8. 1996, bls. 35).

(5) Stjtið. EB L 373, 31. 12. 1998, bls. 59. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1594/96.